



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: [sfk@sfk.is](mailto:sfk@sfk.is) – Veffang: [www.seydisfjordur.is](http://www.seydisfjordur.is)

Samantekt, **janúar 2017**. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, [www.sfk.is](http://www.sfk.is)

*Seyðisfjarðarskóli* efnir til samkeppni um merki fyrir sameinaðan skóla.

Seyðfirðingum er boðið að senda inn tillögur að merki skólans, tillögurnar þurfa ekki að vera fullunnar en þó vandlega unnar og vera lýsandi fyrir starfsemi sameinaðs skóla. Nemendur Seyðisfjarðarskóla eru sérstaklega hvattir til að taka þátt og senda inn hugmynd. *Frestur til að skila inn tillögu er til 1. mars 2017.*

*Ræsing Seyðisfjarðar* - Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samstarfi við sveitarfélagið Seyðisfjörð leitar að góðum viðskiptahugmyndum sem auka við flóru atvinnulífs í sveitarfélaginu. Einstaklingar, hópar og fyrirtæki eru hvött til þess að senda inn viðskiptahugmyndir og sækja um þátttöku í verkefninu. *Nánar um þetta á nmi.is*

*Þorrablót Seyðfirðinga* var haldið laugardaginn 21. janúar sl. Uppselt var á skemmtunina, sem tókst afar vel til. Formaður næstu nefndar var kosinn Guðjón Már Jónsson.

*Vinnustofan Seyðisfjörður og LungA skólinn* - Í fyrsta sinn komu nemendur LHÍ til Seyðisfjarðar í sömu viku og nýr nemendahópur LungA skólans.

Nemendur LHÍ opnuðu lokasýningu sína laugardaginn, Koma, 28. janúar sl og sú sýning mun standa til 2. apríl. Sýningin er opin á sama tíma og bistróið.

Nemendur LungA skólans á þessari önn í kringum 20 og önninni lýkur 9. apríl. Þau vera með sína lokasýningu um mánaðamótin mars/apríl

## Sveitarstjórnarmál

- *Ályktun bæjarstjórnar Seyðisfjarðar um Fjarðarheiðargöng.  
11. janúar 2017.*

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar skorar á Alþingi og ríkisstjórn að nú þegar verði skilgreindir nægir fjármunir til að ljúka rannsóknaráætlun vegna Seyðisfjarðarganga undir Fjarðarheiði (Fjarðarheiðargöng) sem þegar er langt á veg komin, í samræmi við samgönguáætlun 2015 til 2018.

Með hliðsjón af óvissu um framhald verkefnisins vegna óskilgreindra fjárheimilda í fjárlögum fyrir árið 2017, er brýnt að tryggt verði að vinna við þetta mikilvæga samgönguverkefni verði ekki rofin.

Þess ber að minnast að lögð er sérstök áhersla á áframhaldandi rannsóknir og framkvæmd verkefnisins í nefndaráliti meirihluta Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015– 2018 frá 14. september 2016. Þar segir í kafla um jarðgöng: „Nú er unnið að framkvæmdum við gerð Norðfjarðarganga. Framkvæmdir hófust árið 2013 og áætlað er að þeim ljúki 2017. Er þá lagt til að framkvæmdir verði hafnar við Dýrafjarðargöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar á Vestfjörðum. Meirihluti nefndarinnar áréttar að svo að hægt verði að hefja framkvæmdir við Dýrafjarðargöng þurfi heimild í fjárlögum og samþykktu samgönguáætlun. **Þá er á árunum 2015–2018 gert ráð fyrir að unnið verði að jarðfræðirannsóknum í væntanlegu gangastæði Seyðisfjarðarganga en meirihlutinn telur að svigrúm sé nú til staðar til að hefja gerð Seyðisfjarðarganga samhliða gerð Dýrafjarðarganga.**“

Ennfremur vill bæjarstjórn benda á þann mikla stuðning er Fjarðarheiðargöng hafa hlotið frá öllum landshlutum á samráðsfundum við gerð Samgöngu- og fjarskiptaáætlunar.

- Bæjarstjórn samþykkti að kynna og auglýsa skipulagslýsingu deiliskipulagsáforma vegna hótélbyggingar í Langatanga 7.

- Bæjarstjórn samþykkti að kynna og auglýsa og senda til umsagnar drög að skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi er varðar breytta skilmála fyrir íbúðabyggð, atvinnu- og iðnaðarlóðir og breytta landnotkun í Lönguhlíð.